

**205. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 6. júní 2023 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Hrefna Rún Ákadóttir félagsráðgjafi.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2101248 - Beykiskógar 17 - starfsmannaíbúð**

Beiðni fostöðumanns á Beykiskógum um skoða mögulega lausn til bæta starfsmannarými við búsetukjarnann.

*Velferðar- og mannréttindaráð fjallar um framlagt erindi. Fyrir liggur að skortur er á rými fyrir starfsmenn til að sinna til að mynda faglegu starfi, skipulagningu og starfsmannamálum.*

*Þar sem um er að ræða notkun til þriggja ára, kemur betur út fjárhagslega að kaupa gáminn. Velferðar- og mannréttindaráð mælir með að kostnaði verði mætt vegna kaupa á gámi um ca. 3 mkr.*

*Málinu vísað til skipulags- og umhverfissviðs til frekari vinnslu og bæjarráðs til endanlegrar afgreiðslu.*

*Forstöðumaður Beykiskóga sat fundinn undir þessum lið.*

**2. 2303217 - Brú hses - Stofnframlag vegna sex íbúða kjarna 2023**

Staða uppbyggingar sex íbúða kjarna 2023 lagt fram til kynningar og umræðu. Frumdrög teikninga lögð fyrir fundinn.

*velferðar- og mannréttindaráð fjallar um frumdrög teikningar og kemur á framfæri athugasemdum og tillögum.*

**3. 2208151 - Farsæld barna - skipulagt og farsælt frístundastarf fyrir alla**

Stýrihópur um farsælt frístundastarf fyrir öll börn á Akranesi leggur til að ráðinn verði verkefnastjóri í 80% starf til eins árs til að sinna utan um haldi og framkvæmd verkefnisins. Kostnaður vegna stöðu verkefnastjóra verður tekinn af 9.000.000 kr. styrk frá Barna- og menntamálaráðuneytinu sem hlaust vegna forystuhlutverks Akraneskaupstaðar í innleiðingu farsældarlaga.

Erindi lagt fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

KHS

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:15.**

Kristján H. Sveinsson

Anta Elfa Einarsson

Eindr Brandsson

Hilga Vanna Almgottir  
Sveinborg Kristjánsson